

## Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### Efni:

#### **Álfnesvík - nýtt deliskipulag**

Á fundi borgarráðs þann 2. apríl 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. apríl 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. apríl 2020 á nýju deliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Álfnesvík, ásamt fylgiskjolum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg, í samstarfi við nágrannasveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, hefur undanfarin ár unnið að því að finna nýjan stað fyrir efnivinnslu og hafnaraðstöðu Björgunar. Það er mikilvægt að áfram verði starfsskilyrði fyrir fyrirtæki eins og Björgun á höfuðborgarsvæðinu, til að þjóna uppbyggingu og mannvirkjagerð. Með því er stuðlað að hagkvæmari þróun byggðar og dregið verulega úr umhverfisáhrifum uppbyggingar. Með staðsetningu slíks fyrirtækis nálægt stærstu byggingarsvæðum landsins, er hægt að spara verulega í akstursvegalengdum og þar með draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutning efnisins. Á fyrri stigum vinnunnar var farið í ítarlegt mat á valkostum sem náði til alls höfuðborgarsvæðisins og var niðurstæða þess mats sú að ásættanlegasta staðsetningin væri á Álfnesi við Þerneyjarsund. Það er hinsvegar ljóst að fyrirhugað athafnasvæði Björgunar er staðsett í grennd við mikilsverðar menningarmínjar sem vert er að vernda og halda á lofti á komandi árum. Því er lagt til að hafin verði undirbúnингur að því að skilgreina hverfisvernd fyrir þau þrjú minjasvæði sem finna má í grennd við fyrirhugað athafnasvæði Björgunar; Kauphöfn við Þerneyjarsund, Sundakot og Glóra. Ekki er lagt til að hverfisverndarsvæði verði fest í aðalskipulagi nema í tengslum við skipulag Sundabrautar og ákvörðun um endanlega legu brautarinnar þegar frumhönnun framkvæmdar liggur fyrir.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokkssins lagði fram svohljóðandi bókun:

Ekki er hægt að bera saman umferð fólks sem ferðast á fjölskyldubílnum frá Vesturlandi á höfuðborgarsvæðið vegna vinnu og skóla. Í fyrri bókun minni var að sjálfsögðu verið að benda á aukna efnisflutninga með vörubílum, sem menga langtum meira en venjulegur fólksbíll. Þá er ótalín mengun sem hlýst af óvörðum efnisflutningum. Á meðan meirihlutinn hafnar Sundabraud með öllum þeim hagstæðu lausnum sem af henni hlýst leggst þessi aukni þungi umferðar á íbúa Mosfellsbæjar. Nú stendur að auki til að byggja upp tvær malbikunarstöðvar á Esjumelum með tilheyrandi mengun af öllu tagi og ekki síst sjónmengun

hvað snýr að Esjunni. Meirihlutinn er að drekkja þessu fagra svæði sem líklega er fallegasta byggingarsvæði Reykjavíkur auk Kjalarsness með þungaiðnaði að ógleymdri SORPU bs. Nú má öllum vera ljóst hver tilgangurinn var hjá Reykjavík að sækjast eftir samruna við Kjalarnes fyrir rúnum tveimur áratugum með fögrum loforðum um Sundabraut sem er ekki enn komin og er ekki í sjónmáli fái meirihlutinn einhverju ráðið.

Helga Björk Laxdal  
e.u.